

# Upplýsingamennt - 5. og 6. bekkur

---

Kennarar: Svava Lárusdóttir

5, 6

## Tímabil:

Allt skólaárið.

## Fjöldi kennslustunda á viku

Ein og hálf kennslustund á viku.

## Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið

Um það bil 48 kennslustundir yfir skólaárið.

## Efni /Þema sem tekið er fyrir.

Tæknilæsi - Upplýsingalæsi - Menningarlæsi - Öryggi á netinu

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð/færni)

Að nemendur

- geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á netinu.
- læri að bera virðingu fyrir öðrum á netinu.
- átti sig á að hægt er að notað netið sem öflugt rannsóknar- og stuðningstæki í námi.
- skilji hugtakið réttmæti upplýsinga og hvað felst í því.
- átti sig á mismunandi birtingarmyndum eineltis og tengslunum milli eineltis á netinu og utan þess.

## Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Að nemendur:

- hafi náð tökum á rétttri fingrasetningu á lyklaborð og réttar vinnustellingar
- geti nýtt sér glærugerðarforrit, t.d. Power Point.
- öðlist þjálfun í ýmsum forritum, svo sem ritvinnslu-, teikni- og myndvinnsluforritum og töflureikni.
- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins (Dewey).

- kunni á leitar- og útlánskerfi safnsins.
- þekki helstu leitarmöguleika á Netinu.

## Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Nemendur tileinka sér vinnusemi í kennslustundum. Nemendum ber að ganga um þau tæki og áhöld sem verið er að nota hverju sinni af varkárni og ganga frá þeim á réttan stað að notkun lokinni.

## Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla - Hópvavinna - Samvinnunám.

## Læsi

Nemendur þjálfist í upplýsingalæsi og þeir aðstoðaðir til að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.

## Sköpun

Áhersla lögð á að nemendur fáist við fjölbreytt verkefni sem reyna á sköpunarfærni nemenda.

## Lýðræði - Mannréttindi

Nemendur taka þátt í rökræðum, fara saman yfir viðfangsefnin og skiptast á reynslusögum.

## Jafnrétti

Lögð áhersla á að það sé eðlilegt að nemendur hugsi, rökræði og leysi verkefnin á mismunandi hátt með því að skiptast á hugmyndum og ræði saman um lausnaleyðir.

## Heilbrigði og velferð

Að nemendur öðlist sameiginlega námsreynslu sem feli jafnframt í sér einstaklingsmiðað nám.

## Sjálfbærni

Lögð áhersla á að nemendur upplifi að þeir geti notað þekkingu sína og leikni í upplýsingatækni í daglegu lífi.

## Tjáning

Nemendur fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri á fjölbreyttan hátt.

## Hlustun

Lögð áhersla á samræður bæði milli nemenda og kennara og milli nemendanna sjálfra.

## Miðlun upplýsinga og þekkingar

Lögð áhersla á að nemendur kynnist fjölbreyttum tækjum og aðferðum við miðlun upplýsinga og þekkingar

## Skapandi úrvinnsla

Að nemendur fáist við fjölbreytileg og hagnýt verkefni þar sem tækifæri gefst til að setja efni fram á skapandi hátt.

## Gagnrýnin hugsun

Að nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir

## Sjálfstæði

Lögð áhersla að nemendur setji sér raunhæf markmið í náminu, gera sér grein fyrir til hvers er ætlast af þeim og hvað þeir eigi að læra.

## Samvinna

Lögð áhersla á að láta nemendur ræði saman um námsefnið og orði hugsanir sínar, aðferðir og skilning út frá þeirri þekkingu sem þeir búa yfir.

## Nýting miðla og upplýsinga

Stafræn færni nemenda þjálfuð með því að nota verkfæri upplýsingatækninnar til að rannsaka og leysa þrautir og verkefni.

## Ábyrgð á eigin námi

Nemendur halda utan um verkefni sín.

## Seigla/ úthald

Nemendur hvattir til að setja sér raunhæf markmið, gera alltaf sitt besta og gefast ekki upp.

### **Mat á eigin námi**

Nemendur þjálfaðir í að meta eigin vinnu, meðal annars með sjálfsmati.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt rétttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Sköpun og miðlun

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Siðferði og öryggismál

- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk

- Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.